

Helstu niðurstöður aðalfundar Sjóvá-Almennra trygginga hf. 2020

Aðalfundur Sjóvár var haldinn 12. mars í Kringlunni 5, Reykjavík.

- Ársreikningur vegna ársins 2019 var samþykktur.
- Breytingartillaga stjórnar, sem lögð var fram á fundinum, um að fresta ákvörðun um greiðslu arðs fyrir rekstrarárið 2019 var samþykkt.
- Tillaga um óbreytta starfskjarastefnu var samþykkt.
- Tillögur stjórnar um lækkun hlutafjár vegna kaupa á eigin hlutum og samsvarandi breyting á samþykktum félagsins voru samþykktar.
- Tillögur um breytingar á samþykktum í tengslum við störf tilnefningarnefndar voru samþykktar.
- Tillögur tilnefningarnefndar um breytingar á starfsreglum nefndarinnar voru samþykktar.
- Í stjórn félagsins voru kjörin:

Björgólfur Jóhannsson
Guðmundur Örn Gunnarsson
Hildur Árnadóttir
Ingi Jóhann Guðmundsson
Ingunn Agnes Kro

Stjórn hefur þegar komið saman og skipt með sér verkum. Formaður stjórnar er Björgólfur Jóhannsson og Hildur Árnadóttir varaformaður.

Sem varamenn í stjórn voru sjálfkjörin:

Erna Gísladóttir
Garðar Gíslason

- Í tilnefningarnefnd voru sjálfkjörin:

Jón Birgir Guðmundsson
Katrín S. Óladóttir
Vilborg Lofts

- Tillaga um þóknun stjórnar félagsins og tilnefningarnefndar var samþykkt með breytingartillögu Lífeyrissjóðs verzlunarmanna um að laun stjórnarformanns hækki um sömu krónutölu og almennir stjórnarmenn. Þóknun stjórnarmanna verður kr. 385.000 á mánuði og þóknun stjórnarformanns kr. 755.000. Hvorum varamanni skal greidd eingreiðsla kr. 385.000 í upphafi starfsárs og að auki kr. 132.000 fyrir hvern fund sem hann situr. Þóknun nefndarmanna tilnefningarnefndar verður kr. 30.000 á mánuði og kr. 40.000 fyrir hvern fund. Formaður nefndarinnar fær 50% álag.
- Tillaga stjórnar um heimild til kaupa á eigin hlutabréfum með framkvæmd endurkaupaáætlunar var samþykkt.

Nánari upplýsingar veitir: Sigríður Vala Halldórsdóttir, fjárfestatengill, s. 844-2136, fjarfestar@sjova.is